



Fundargerð

8. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 11:00 mánudaginn 11. apríl 2024, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga

Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands

Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu

Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga

Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Ársreikningur MSS 2023
- Helstu verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan
- Aðalfundur og árshátíð
 - Stjórnarfundur á aðalfundardegi
 - Tilnefningar stofnaðila til stjórnar
 - Viðurkenningar - framlag til ferðaþjónustu og sproti ársins
- Önnur mál

[Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands ses. 2023](#)

Framkvæmdastjóri kynnti ársreikning Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2023. Stjórnin ræddi lykiltölur reikningsins og verður hann í framhaldi lagður fyrir skoðunarmenn reikninga.

Verkefni síðastliðinn mánuð og það sem er framundan

Framkvæmdastjóri fer yfir helstu verkefni undanfarið og þau helstu sem *framundan* eru.

Markaðsmál

Samstarf við ferðaþjónustufyrirtæki

Starfsfólk MSS fóru á vel sóttu og góða Norðurljósaráðstefnu sem var haldin á Hvolsvelli í mars af Lava Centre og Midgard. Frábært framtak ferðaþjónustuaðila í Rangárþingi og spennandi tækifæri sem gætu falist í þessu víðtæka samstarfi og samtali aðila á svæðinu.

Eldfjallaleiðin

Vinna hefur haldið áfram við þróun leiðar, PR efnis og myndefnis. Ljósmyndarinn Þráinn Kolbeinsson hefur farið um Suðurland og Reykjanes með það fyrir augum að taka góðar myndir sem henta fyrir kynningu á Eldfjallaleiðinni. Hann er að klára að vinna myndefnið en þetta er gríðarlega flott myndefni sem hann er að skila.

Samfélagsmiðlar, vefur og áhrifavaldar

Samþykkt var að skoða samstarf við áhrifavaldinn Chris Burkard, sem býr á Íslandi og er með 4 milljónir fylgjendur á Instagram, til að búa til kynningarmyndband um Eldfjallaleiðina í samstarfi við Íslandsstofu og Markaðsstofu Reykjanes. Áætlaður heildarkostnaður er 4 milljónir ISK, þar af er lagt til að MSS leggi fram 1 milljón ISK. Stjórn ræddi þessa hugmynd og samþykkir þetta fjármagn í verkefnið ef aðrir koma einnig að verkefninu. Svona stór áhrifavaldur og jákvæð skilaboð geta skilað góðum árangri fyrir landshlutann og landið í heild.

Samstarf við SASS

Stjórn SASS samþykkti í október 2023 að ráða ráðgjafa til að greina hvernig best sé að skipuleggja rekstur Áfangastaðastofu fyrir Suðurland. Ráðgjafinn hefur verið í sambandi við framkvæmdastjóra og leitað upplýsinga frá ýmsum lykilaðilum tengdum Markaðsstofunni, þar á meðal formanni og varaformanni stjórnar, verkefnastjóra áfangastaðaáætlunar og framkvæmdastjóra Markaðsstofu Norðurlands auk þess að fá lista yfir fulltrúa faghóps sveitarfélaga og samstarfsfyrirtæki. Niðurstöður greiningarinnar eru væntanlegar fljótlega. Framkvæmdastjóri hefur varið talsverðum tíma í gagnaöflun og samráð við ráðgjafa.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar og SAF óskaði eftir samstarfi MAS um menntamorgna ferðaþjónustunnar. Fyrsti fundurinn var haldinn í gær, 10.apríl, en þar var fjallað um Z-kynslóðina og ráð varðandi ráðningar. MAS á tvo fulltrúa í skipulagshópi, fulltrúar þar eru frá Vesturlandi og höfuðborgarsvæðinu.

Samstarf við Ferðamálastofu

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar áttu fund með forstöðumanni gæða- og þróunarviðs Ferðamálastofu um Handbók um uppbyggingu áfangastaða. Ferðamálastofa og MSS gera með sér samning um að MSS vinni handbók um uppbyggingu áfangastaða með áherslu á þarfir sveitarfélaga. Markmiðið er að gera sveitarfélögum

auðveldara fyrir í stefnumótun, ákvarðanatöku og aðgerðum við uppbyggingu áfangastaða. Ákallið eða vandinn er að sveitarfélög vita ekki alltaf hvernig þau eiga að snúa sér í uppbyggingu og viðhaldi áfangastaða. Meðal algengra spurninga eru: Hvar liggur ábyrgðin? Hver er hagurinn? Hver er kostnaðurinn? Hvert er framhaldið?

Framundan er áframhaldandi vinna í þessu.

Samstarf Íslandsstofu

Verkefnastjórar MSS og Markaðsstofu Reykjaness funduðu með Íslandsstofu og kynntu fyrir starfsfólki og PR stofu Eldfjallaleiðina. Farið var yfir möguleika á að nýta efni til að efla jákvætt PR vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Í framhaldi af því að Íslandsstofa kynnti leiðina á ITB Berlín og er t.d. blaðamaður á stórum þýskum miðli (Zeit Magazine) búinn að vera á fullu að undirbúa grein og komu til landsins á eigin kostnað. Þetta verður vonandi góð kynning um Ísland á þýska markaðinum, sem er stór og mikilvægur markaður.

Innra starf

Morgunfundur Markaðsstofunnar var haldinn 26.mars þar sem var opin umræða. Helst var rætt um stöðuna í sumar, sagt frá framgangi eldfjallaleiðar og aðeins rætt um tækifæri tengd MICE ferðamennsku (ráðstefnu- og hvataferðir).

Fundur með Háskólafélagi Suðurlands um þátttöku í verkefni á þeirra vegum sem kallast Atvinnubrú. Markaðsstofan mun taka þátt.

Samskipti við Fræðslunetið vegna mismunandi námsmöguleika í ferðaþjónustu. Framundan er sameiginlegur fundur Fræðslunetsins, Markaðsstofu Suðurlands og Hæfniseturs ferðaþjónustunnar um efni, verkfæri og frekari tækifæri á samstarfi.

Vinna við uppgjör ársins og ársreikning

Aðrir fundir

- Norðurljósaráðstefna
- Ársfundur Íslandsstofu – Vörumerkið Ísland
- Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF)
- Samráðsfundur fyrir fund stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs
- Viðtöl vegna nemendaverkefna (3 mismunandi verkefni við ólíka háskóla)

Aðalfundur og árshátíð

Undirbúningur í gangi fyrir aðalfund, málþing, örferð og árshátíð.

Aðalfundur og árshátíð – Verður á Hótel Selfossi, föstudaginn 19. apríl 2024. Búið að ræða við markaðs- og kynningarfulltrúa Árborgar vegna örferðar. Dagskrá með hefðbundnu sniði; aðalfundur, málþing, kynningarferð og árshátíð. Starfsmenn á fullu að skipuleggja daginn.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn 19.apríl kl. 11.

Minnt er á að stofnaðilar þurfa að láta vita fyrir aðalfund hverja félögin tilnefna til setu í stjórn MSS.

Þá var rætt um viðurkenningar sem veittar eru á árs hátíð.

Önnur mál

Starfsmannamál rædd.

Fundi slitið kl. 12:30